



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2005
Tilvísun: UST20050500109/bs

Uxahryggjavegur frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi. Tilkynning um matsskyldu. Umsögn

Með bréfi dags. 31. maí sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um efnistöku vegna ofangreindrar framkvæmdar til að unnt væri að gefa umsögn um framkvæmdina.

Upplýsingar um efnistöku bárust með bréfi Skipulagsstofnunar dags. 20. júní sl.


Í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar er gerð grein fyrir tveimur valkostum. Annar kosturinn er að byggja upp núverandi veg yfir Tröllháls. Efnispörf þeirrar framkvæmdar er talin vera um 222.000 m³. Hinn kosturinn er að leggja nýjan veg frá enda nýbyggingar sunnan Ormavalla að Kaldadalsvegi. Áætluð efnispörf vegna leiðarinnar er talin vera 136.000. m³.

Nýr vegur myndi að mestu leyti liggja á Skjaldbreiðarhrauni, sem á þessum svæði er all slétt, sandi orpið og lítið góíð. Ekki verður efnistaka í hrauninu og skeringar verða einungis á fáum stöðum þar sem nauðsyn krefur vegna legu vegarins. Þessar skeringar ættu að vera eins litlar og kostur er. Ekki verða opnaðar námur í hrauninu. Vegurinn verður nánast allur keyrður út á hraunið.

Ljóst er að vegagerð um Tröllháls myndi fylgja verulegt rask. Vegur á sunnanverðum Tröllhálsi myndi krefjast mikilla skeringa og fyllinga sem yrðu mjög áberandi í landinu, auk þess sem efnispörfin er talsvert meiri ef núverandi vegur yrði endurbyggður en ef nýr vegur yrði lagður á Skjaldbreiðarhrauni.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að teknu tilliti til ofangreindra atriða að nýr vegur frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson



Stefán Einarsson
Verkefnastjóri